

119 að hafa á boðstólum, selja eða útvega öðrum vínföng, enda þótt þeir hafi leyst
14. okt. leyfisbrjef samkvæmt lögum 22. nóvbr. 1907.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir kærundunum.

120 **Brjef stjórnarráðsins til umsjónarmanns fræðslumála um hve-**
15. okt. **nær niðurför skólagjalds skuli fram fara.**

Með brjefi, dagsettu 5. þ. m., hafið þjer, herra umsjónarmaður, látið uppi álit yðar útaf fyrirspurn skólanefndarinnar að Djúpavogi um það, hvenær niðurför skólagjalds eigi fram að fara, þar er hluti af hreppi er skólahjerað fyrir sig. Látið þjer þess getið, að lög um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907 hafi ekkert beint ákvæði að geyma um það, hvenær þessi niðurför skólagjaldsins eigi fram að fara, svo að hreppsnefnd virðist geta jafnað gjaldinu niður á þeim tíma, sem hún telur hentugan, en með því að svo sje kveðið á um í 30. gr. fræðslulaganna, að skólanefnd beri að afhenda sveitarstjórn áætlun »í tæka tíð« um kostnað við barnafræðsluna ár hvert, þá hljóti að vera svo til ætlast, að skólakostnaðinum verði jafnað niður að haustinu, samkvæmt áætluninni, ásamt öðrum sveitargjöldum, enda virðist það ekki mega seinna vera, ef skólanefnd eigi að hafa fjeð handbært á þeim tíma, er til þess þarf að taka til launa handa kennurum og til annara þarfa skólans. Hefði ekki verið svo til ætlast, að hreppsnefndin jafnaði fjenu niður fyrirfram, virtist ástæðulaust að gjöra ráð fyrir áætlun um kostnaðinn; það hefði þá verið nægilegt, að skólanefndin hefði á eftir gjört hreppsnefndinni reikning fyrir honum. Samkvæmt þessu segið þjer það skoðun yðar, að nauðsynlegt sje að niðurför skólakostnaðar fari fram á haustin svo tímanlega, að rekstur skólans hindrist ekki, og á þetta jafnt við, hvort er skólahjerað og hreppsfjelag fellur saman, eða skólahjerað er aðeins hluti af hreppsfjelagi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að stjórnarráðið felst með öllu á framangreinda skoðun yðar.

121 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um breytingar á nokkrum**
20. okt. **prestaköllum í Barðastrandarprófastsdæmi samkvæmt lögum**
16. nóvbr. 1907, m. m.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, dagsettum 4. júní og 12. þ. m., veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess að breytingar þær komist nú þegar á skipun prestakalla, sem gjört er ráð fyrir í lögum 16. nóvbr. 1907 nr. 45 að verða eigi á Sauðlauksdalsprestakalli, Selárdalsprestakalli og Otrardalsprestakalli, þannig að skipunin verði þessi, sbr. 1. gr. nr. 59—61 (XII) fyr-